

Ed.

200. Lög

um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

(Afgreidd frá Ed. 22. mars).

1. gr.

Vin, sem ekki er í meira en 21% af vinanda (alkohol) að rúmmáli, skulu undanþegin ákvæðum laga 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Undanþága þessi um aðflutning vína nær þó eingöngu til vína, sem eiga uppruna í löndum, sem veita bestu kjör fyrir íslenskan saltfisk.

2. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugerðina má setja ákvæði um sektir fyrir brot gegn henni.

3. gr.

Vegna eftirlits með óheimiludum áfengisinnflutningi haldast óbreytt ákvæðin í lögum 14. nóv. 1917 um skyldu skipstjóra að tilkynna lögreglustjóra, hve mikið áfengi og hvaða áfengi skipið hafi meðferðis, og um innsigluun þess áfengis, sem ekki á að fara hjer í land.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.